

Ed.

368. Breytingartillögur

við frumvarp til fjáráukalaga fyrir árin 1920 og 1921 (þskj. 313).

Frá fjárveitinganefnd.

1. Á eftir 1. gr. kemur ný gr., er hljóði svo:
Til viðbótar við 10. gr. fjárlaganna (til ráðuneytisins) veitast 6000 kr.
Dýrtíðaruppbætur til ráðherranna, 2000 kr. til hvers kr. 6000,00
2. Við 2. gr. 1. (Ari Arnalds).
Liðurinn falli burt.
3. Við 3. gr.
 - a. Við 9. lið (Sigvaldi Kaldalóns).
Liðurinn falli burt.

- b. Á undan 10. lið kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Til Neshrepps í Norðfirði, endurgreiðsla á læknskaupi 1920 kr. 460,00
- c. Við 10. lið (Gunnl. Claessen).
Fyrir »kr. 2500,00« komi: — 1800,00
- d. 11. liður orðist svo:
Til Jóns Kristjánssonar lækni, utanfararstyrkur — 1500,00
- e. Á eftir 11. lið kemur nýr liður:
Til Magnúsar Einarsonar dýralækni, utanfararstyrkur. ... — 1500,00
4. Við 4. gr.
- a. Við 1. lið (Jón Straumfjörð).
Liðurinn falli burt.
- b. Við 2. lið (Endurbygging Holtavegar).
Liðurinn falli burt.
- c. 10. liður orðist svo:
Til mótorbátaferða frá Reykjavík til kaupúnanna í Árnes-
sýslu, alt að $\frac{1}{3}$ flutningskostnaðar — 5000,00
- d. 13. liður orðist svo:
Til mótorbátsferða frá Hornafirði norður á bóginn, í sam-
bandi við ferðir Sterlings og Godafoss — 8000,00
- e. Við 16. lið (Arnarnesviti).
Liðurinn falli burt.
- f. Við 17. lið (Ellidaeyjarviti).
Liðurinn falli burt.
5. Við 5. gr.
- a. Við 2. lið (Staður í Grunnavík).
Fyrir »11000« komi — 8000,00
- b. Við 3. lið (Ólafur Rósenkranz).
Liðurinn falli burt.
- c. 8. liður orðist svo:
Kostnaður við starf mentamálanefndar — 10000,00
- d. Við 10. lið (Launabætur Sigurbjörns o. s. frv.)
Fyrir »4400,00« komi... .. — 3000,00
- e. 19. liður orðist svo:
Til Flensborgarskólans, viðbótarstyrkur, gegn 1450 kr. til-
lagi frá Hafnarfjarðarkaupstað — 4000,00
- f. Við 21. lið (Blind stúlka).
Liðurinn falli burt.
- g. 22. liður orðist svo:
Til Páls Erlingssonar sundkennara, í viðurkenningarskyni — 1800,00
6. Við 6. gr.
- a. Við 2. lið (Alþýðubókasafn).
Liðurinn falli burt.
- b. 10. liður orðist svo:
Til Einars Jónssonar myndhöggvara, í viðurkenningarskyni — 2000,00
- c. Við 11. lið (Ásmundur Sveinsson).
Liðurinn falli burt.

- d. Við 12. lið (Kjarval).
Liðurinn falli burt.
- e. Við 13. lið (Davíð Stefánsson).
Liðurinn falli burt.
- f. Við 14. lið (Ríkarður).
Liðurinn falli burt.
- g. Á eftir 17. lið (Jóh. L. L. Jóh.) kemur nýr liður svo hljóðandi:
Til sama, dýrtíðaruppbót kr. 3000,00
- h. Á eftir 22. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Til Ásmundar Sveinssonar, námsstyrkur — 1000,00
- i. Við 23. lið (Lögfræðil. tímarit).
Liðurinn falli burt.
7. Við 7. gr.
- a. Við 15. lið (Bryggja á Akranesi).
Aftan við athugasemdina bætist:
Verkið sje framkvæmt eftir áætlun, er ríkisstjórnin lætur gera, og með eftirliti af hennar hálfu.
- b. Við 17. lið (Bryggja á Blönduósi).
Á eftir orðinu »kostnaðar« komi:
að því tilskildu, að viðgerð þessi fari fram áður en lagt er út í byggingu nýrrar bryggju á Blönduósi.
- c. Aftan við 17. lið komi nýr liður, er hljóði svo:
Til björgunarskipsins »Þórs« í Vestmannaeyjum — 30000,00
8. Við 8. gr.
1. liður orðist svo:
Til Sigurðar Jónssonar fyrv. atvinnumálaráðherra — 12619,90
9. Við 9. gr.
Á eftir 2. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Styrkur til Ara sýslumanns og bæjarfógeta Arnalds, 9500 krónur, Sigvalda hjeraðslæknis Kaldalóns, 8000 krónur, og Kristjáns hjeraðslæknis Kristjánssonar, 5000 krónur, til þess að leita sjer heilsubótar kr. 22500,00
10. Við 10. gr.
Fyrsti málslíður 1. tölulíðs orðist svo:
að lána Guðmundi sýslumanni Björnssyni í Borgarnesi alt að 50000 krónum, til þess að reisa þar íbúðarhús, þó ekki yfir $\frac{1}{2}$ hluta alls byggingarkostnaðar, gegn ábyrgð sýslunefndanna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum.
11. Við 11. gr.
Greinin falli niður.